



Umboðsmaður Alþingis
Tryggvi Gunnarsson
Templarásundi 5
101 Reykjavík

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg 101 Reykjavík
sími: 545 8400 postur@for.is
forsaetisraduneyti.is

Reykjavík 8. október 2020
Tilv.: FOR20090176/0.2.2

Efni: Lagaheimildir til sóttvarnaráðstafana

Vísað er til erindis yðar, dags. 23. september sl., þar sem óskað var upplýsinga um stöðu vinnu við gerð úttektar um valdheimildir sóttvarnalæknis og heilbrigðisráðherra til opinberra sóttvarnaráðstafana og næstu skref stjórnvalda í þeim efnum. Óskað var eftir því að upplýsingarnar bærust yður eigi síðar en 14. október nk.

Með bréfi, dags. 26. ágúst sl., fór forsætisráðherra þess á leit við dr. Pál Hreinsson að hann tæki saman álitserð um valdheimildir sóttvarnalæknis og heilbrigðisráðherra til opinberra sóttvarnaráðstafana. Í bréfinu kom m.a. fram að ráðherrann hefði í samráði við heilbrigðisráðherra og ríkisstjórn óskað eftir því að Páll ynni álitserð um efnið með hliðsjón af skráðum og óskráðum meginreglum stjórnsýsluréttar og mannréttindaákvæðum í stjórnarskrá og alþjóðasamningum. Þá yrði jafnframt tekið mið af samspili við valdheimildir lögreglu og annarra yfirvalda til að framfylgja slíkum ráðstöfunum. Enn fremur var óskað eftir því að Páll gerið frumtillögur að breytingum á lögum eða reglum eftir því sem hann teldi tilefni til.

Hinn 20. september sl. skilaði Páll álitserðinni til forsætisráðuneytisins og heilbrigðisráðuneytisins á grundvelli framangreinds. Álitserðin var rædd á fundi ríkisstjórnar 25. sama mánaðar og birt á heimasíðu Stjórnarráðsins sama dag. Í álitserðinni koma fram fjölmargar ábendingar og tillögur um viðbrögð sem lúta m.a. að hugsanlegum breytingum á sóttvarnalögum, nr. 19/1997. Á tilvísuðum fundi ríkisstjórnar upplýsti heilbrigðisráðherra að hún hygðist vísa álitserðinni til umfjöllunar hjá starfshópi sem hún hefur skipað til endurskoðunar á sóttvarnalögum, nr. 19/1997, en frumvarp til laga um breytingu á lögnum (opinberar sóttvarnaráðstafanir) er á þingmálaskrá ráðherrans á 151. löggjafarþingi í janúar á næsta ári. Starfshópurinn mun eigi að síður meta hvort þörf sé á að hraða þeirri vinnu að einhverju marki í ljósi ábendingar Páls Hreinssonar um að sum atriði séu meira aðkallandi en önnur.

Fyrir hönd ráðherra

Bryndís Hlöðversdóttir

Ágúst Geir Ágústsson